



Reglugerð HSÍ um fræðslumál

1. gr. Almenn

Fræðslu- og útbreiðslunefnd HSÍ skal standa fyrir námskeiðum fyrir handknattleiksþjálfara.

HSÍ starfar í samræmi við Rinck-menntunarkerfi Evrópska handboltasambandsins (EHF) sem felur í sér þrjú stig menntunar á vegum HSÍ og er fjórða stigið Mastercoach sem er á vegum EHF. Reglulega verða haldin námskeið í þeim þremur stigum sem HSÍ býður upp á.

2. gr. Menntunarkröfur

Félög skulu gera kröfur til þjálfara sinna um menntun samkvæmt eftirfarandi:

1. stig – Þjálfun barna, réttindi til að þjálfa börn að 12 ára aldri.

Stigið skiptist í þrjú hluta;

1. 7. og 8. flokkur, helgarnámskeið (18 klst).
2. Bókleg íþróttافرæði, fjarnám (24 klst).
3. 6. flokkur, helgarnámskeið (18 tímar).

2. stig – Þjálfun unglunga, réttindi til að þjálfa alla flokka nema meistaraflokk.

Stigið skiptist í sex hluta;

1. 3.–5. flokkur, helgarnámskeið (25 klst)
2. Bókleg íþróttافرæði, fjarnám (50 klst).
3. Verkefni, áætlanagerð (20 tímar).
4. Styrktarþjálfun, helgarnámskeið (25 tímar).
5. Vettvangsnám, skýrsla (verkefni)
6. 3.– m.fl., helgarnámskeið (25 tímar).

3. stig – Meistaraflokksþjálfun, réttindi til að þjálfa meistaraflokk/afreksþjálfun.

Stigið skiptist í sjö hluta;

1. Meistaraflokksþjálfun, helgarnámskeið (20 klst)
2. Íþróttافرæði, fjarnám og staðbundin lota (60 klst).
3. Styrktarþjálfun, helgarnámskeið (22 tímar).
4. M.fl. þjálfun, helgarnámskeið (22 tímar).
5. Ársplan, skipulag (verkefni).
6. Vettvangsnám, heimsókn til liðs og mentor fyrir þjálfara (25 tímar).
7. Meistaraflokksþjálfun, helgarnámskeið (19 tímar).



4. stig – Mastercoach hjá EHF

Þjálfari telst hafa lokið stigi þegar hann hefur setið alla hluta stigsins og unnið þau verkefni sem þar eru lögð fyrir.

3. gr. Mat réttinda

Fræðslu- og útbreiðslunefnd HSÍ metur hvaða réttindi nám/námskeið á Íslandi og erlendis veita og hvaða réttindi útlendingar hafa til þjálfunar á Íslandi.

4. gr. Undanþágur

Fræðslu- og útbreiðslunefnd HSÍ er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum í reglugerð þessari ef veigamiklar og sérstakar ástæður liggja að baki. Slíkar undanþágur skal þó alltaf bera undir stjórn HSÍ til samþykktar.

5. gr. Gildistaka

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. grein laga HSÍ og öðlast þegar gildi. Við gildistöku hennar fellur úr gildi eldri reglugerð HSÍ varðandi auglýsingar á búningum.

Samþykkt af stjórn HSÍ 26.september 2016.